

Sp.

113. Tillaga til þingsályktunar

[64. mál]

um upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót starfsemi, sem miði að því, að jafnan séu tiltækar sem gleggstar og nýjastar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

Greinargerð.

Árlega hverfur fjöldi æskufólks úr skólum landsins út í atvinnulífið. Sumir hafa lagt á sig langt og strangt sérnám, aðrir ekki. Áður en lagt er á þá braut að sérmenntast til ákveðins starfs, veitir það hverjum og einum leiðbeiningu og öryggi að vita með nokkurri vissu um þörf manna í það starf, sem um er að ræða, og þá um leið afkomumöguleika.

Á hinn bóginn eru ýmsar greinar atvinnulífsins, sem beinlínis komast ekki af án þar til sérhæfðra manna. Og þeim mun betur er hverri atvinnugrein borgið sem starfsliðið er betur að sér á sínu sviði.

Þess vegna er það nauðsyn, að jafnan séu tiltækar á einum stað nokkurn veginn nýjar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk, og markmiðið með flutningi þessarar tillögu er, að nokkurt liðsinni verði veitt í þessu efni.

Til þess að þetta yrði framkvæmt á sem auðveldastan hátt, mætti fela það stofnun, sem stendur í beinu sambandi við hinar ýmsu atvinnugreinar og getur starfað að skýrslugerð um þessi mál. Þar yrðu þá að jafnaði fyrir hendi þær upplýsingar, sem hér er um að ræða.